

**516. fundur Hreppsnefndar TálknafjarðarhreppsHreppsnefndar
Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 17. október 2017
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hilmar Marinósson (KHM), aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ), formaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ), aðalmaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ), Ritari, Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), varamaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), varamaður og Berglind Eir Egilsdóttir, varamaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, Ritari

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og skoðast því fundur lögmætur og settur.

Berglind Eir Egilsdóttir (BEE), 1. varamaður er boðaður á fund vegna fjarveru Indriða Indriðasonar (II). Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), 2. varamaður er boðaður á fund vegna fjarveru Jóns Arnar Pálssonar (JÖP). Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), 3. varamaður var boðaður vegna vanhæfis Evu Daggar Jóhannesdóttur (EDJ) í 1. máli á dagskrá og vegna vanhæfis Berglindar Eirar Egilsdóttur í 3. máli á dagskrá.

Dagskrá:

1. Náttúrustofa Vestfjarða: samningur milli sveitarfélaga og UAR - 1709051

Eva vísar af fundi, Bjarnveig kemur inn.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps mótmælir harðlega fyrirhuguðum niðurskurði á framlögum til Náttúrustofu Vestfjarða og telur eðlilegt að framlög hækki til eflingar starfseminni frekar en hitt. Niðurskurður til þessa málaflokks kemur beint niður á menntatörfum á svæðinu og er þar af leiðandi bein atлага að menntastörfum á landsbyggðinni. Náttúrustofa Vestfjarða er mikilvægur þáttur í uppbyggingu þess iðnaðar og starfa sem unnið er að á sunnanverðum Vestfjörðum og er þar af leiðandi algerlega ólíðandi að vegið sé að stofnuninni með þessum hætti. Samþykkt samhljóða.

3. Styrkur: vegna ferðar fermingarbarna í Vatnaskógi - 1709044

Berglind vísar af fundi

Eva kemur inn

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir að veita kr. 50.000.- vegna ferðar fermingarbarna í Vatnaskóg. Samþykkt samhljóða.

10. Skýrslur: Rafræn skil sveitarfélaga á veiðiskýrslum vegna refa-og minkaveiða - 1709049

Bjarnveig vísar af fundi

Berglind kemur inn

Til kynningar

11. Alþingiskosningar : 2017 - 1709041

Sveitarstjórn hefur lokið yfirferð sinni um kjörskrárstofn og samningu kjörskrár þar með lokið. Oddvita falið að undirrita kjörskrá. Samþykkt samhljóða.

12. Styrkur : umsókn - 1710008

Sveitarstjórn samþykkir styrk að upphæð kr. 60.000.- til Sögufélags Barðastrandarsýslu vegna útgáfu árbókar Barðastrandarsýslu fyrir árið 2016, samkv. umsókn dags. 30.01.2017. Samþykkt samhljóða.

15. Fyrirspurn: vegna fasteignakaupa og sölu - 1704034

Oddvita falið að kalla eftir upplýsingum frá Fasteignafélaginu 101 Tálknafjörður ehf, varðandi kaup og sölu eigna félagsins og svara bréfitara sem fyrst. Samþykkt samhljóða.

2. Fréttabréf ASÍ: september 2017 - 1709055

Til kynningar.

4. Fjölrit náttúrufræðistofnunar: Vistgerðir á Íslandi - 1709024

Til kynningar

5. Byggðakvóti: Auglýsing umsóknar - 1709022

Til kynningar

6. Umsókn: um leyfi til hundahalds í Tálknafirði - 1410063

Til kynningar

7. Ársfundur : náttúruverndanefnda og Umhverfisstofnunar 2017 - 1710007

Til kynningar

8. Boðsbréf: Hringborð Norðurslóða - Arctic Circle - 1710006

Til kynningar

9. Íbúðir : í byggingu og lóðir - 1709058

Til kynningar

13. Uppgjör: útsvars álagningu 2017 vegna tekna 2016 - 1710009

516. fundur
19. október 2017

Til kynningar

14. Skýrsla: um fasteignamat 2018 - 1710011

Til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:10.

Kristinn Hilmar Marinósson
(KHM)

Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ)

Ásgeir Jónsson (ÁJ)

Ása Jónsdóttir (ÁJ)

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir
(GSB)

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

Berglind Eir Egilsdóttir